
MYNDLIST

● **Piers Browne**, listmálarinn breski, opnar sýningu á verkum sínum í Ásmundarsal nk. mánudag. Auk ætimynda verða til sýnis nýlegar vatnslitamyndir sem listamaðurinn málaði á Íslandi.
● **Kristbergur Ó. Pétursson** opnar á laugardag tvær málverkasýningar, í Hafnarborg og í kaffihúsinu Nönnukoti við Mjósund í Hafnarfirði. Hafnarborg er opin alla daga nema þriðjudaga kl. 12-18.
● **Arngunnur Ýr** opnar sýningu á olíumálverkum sínum að Hulduhólum, Mosfellsbæ á laugardag. Opið daglega kl. 14 - 18.
● **Louisa Matthíasdóttir**, yfirlitssýning á verkum hennar á Kjarvalsstöðum. Opið daglega kl. 10-18.
● **Þorsteinn frá Hamri** sýnir ljóð á Kjarvalsstöðum. Opið daglega kl. 10-18.
● **Daníel Þorkell Magnússon** heldur sýningu á Kjarvalsstöðum. Opið daglega kl. 10-18.
● Janet Passehl sýnir verk sín í Ganginum.
● **Pétur Gautur Svavarsson** sýnir olíumálverk í Portinu. Opið alla daga nema þriðjudaga kl. 14-18.
● **Þorfinnur Sigurgeirsson** sýnir málverk og teikningar í Listasafni ASÍ. Opið alla daga nema miðvikudaga kl. 14-19.
● **Inga S. Ragnarsdóttir** heldur sýningu á skúlptúrum unnum úr stúkkmarmara, blikki og stáli, í Gallerí 11.
● **Leszek Golinski** og **Macidej Deja**, listamennimir pólsku, sýna grafíkmyndir í Gallerí Úmbru.
● **Gréta Ósk Sigurðardóttir** sýnir ætingar í sínk og pappírsverk í Gallerí Sævars Karls.
● **Alvar Aalto**. Afmælissýning Norræna hússins á verkum Alvars Aalto.
● **Markús Ívarsson**. Sýning á verkum ýmissa íslenskra listamanna úr safni Markúsar Ívarssonar, í Listasafni Íslands. Opið alla daga nema mánudaga kl. 12-18.
● **Ásmundur Sveinsson**. Yfirlitssýning í Ásmundarsafni við Sigtún í tilefni aldarminningar hans. Verkin spanna allan feril hans, þau elstu frá 1913 og það yngsta frá 1975. Opið alla daga frá 10-16.
● **Jóhannes Kjarval**. Sumarsýning á verkum Jóhannesar Kjarvals að Kjarvalsstöðum, þar sem meginákersla er lögð á teikningar og manneskjuna í list hans.
● **Ásgrímur Jónsson**. Skólasýning stendur yfir í Ásgrímssafni þar sem sýndar eru myndir eftir Ásgrím Jónsson úr íslenskum þjóðsögum. Opið um helgar kl. 13.30-16.

SÝNINGAR

● **Nútíð við fortíð** nefnist viðamikil sýning í Þjóðminjasafninu í tilefni 130 ára afmælis safnsins. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.

Kristína og Snæfríður í Company



Kristína Haraldsdóttir prýðir grein um hreysti og megrunarkúra. Ykkur til fróðleiks stendur í þeirri grein að ekkert gagn sé af því að fækka við sig kaloríunum, það sé minnkandi fituát sem blívur.

Snæfríður Baldvinsdóttir auglýsir hársnyrtivörur sem bera heitið V05 og sveiflar hárinu líkt og Anna Björns gerði þegar hún auglýsti Vidal Sassoon.

Það er ekki á hverjum degi sem tvær íslenskar fyrirsætur prýða sama erlenda tímaritið. Í septemberhefti breska tískutímarítsins Company eru bæði myndir af þeim **Kristínu Haraldsdóttur** og **Snæfríði Baldvinsdóttur**. Hvorug myndin er afgerandi stór en báðar standa þær fyrir heilbrigði. Myndin af Kristínu er notuð til þess að prýða grein um heilsubyltinguna. Snæfríður er hins vegar að auglýsa sjampó og sveiflar hárinu líkt og Anna Björnsdóttir gerði þegar hún var að auglýsa hársnyrtivörurnar frá Vidal Sassoon. Við vitum mest lítið um hagi þessara fyrirsæta í dag en hvað sem því líður er nokkuð ljóst að þær líta enn vel út. Og einhver tekur eftir þeim.



hvað fréttaþulir Sjónvarpsins virðast eiga í miklum erfiðleikum með að horfa í rétta myndatökuvél þegar þeir lesa kvöldfréttirnar. Það klikkar ekki eitt einasta kvöld að fréttamaðurinn tali út í loftið og geri sig að fífli frammi fyrir alþjóð.



MYNDLIST

Myndveðrun

DANÍEL ÞORKELL MAGNÚSSON
KJARVALSSTÖÐUM



GUNNAR ÁRNASON


Allir ættu að kannast við þá tilfinningu þegar maður fer niður í kjallara, gramsar í gömlu dóti og dettur niður á ómerkilegan hlut sem kveikir í einhverjum taugahnútum sem maður vissi ekki að maður ætti til. Það getur verið gömul mynd, leikföng, fatnaður, húsgögn. Hluturinn virkar eins og efnahvati sem leysir úr læðingi löngu gleymd efnasambönd. Þetta getur jafnvel gerst við að koma inn í herbergi og finna lykt sem er svo kunnugleg að hún virðist tilheyra heimi minninganna. Þannig skil ég „hugsanaveðrun" Daníels Þorkels Magnússonar, nema að hjá honum gerist hún í öfuga átt. Daníel byrjar með umhverfið í öllum sínum margbreytileika og lætur það veðrast, jafnt og þétt, þangað til ekkert verður eftir nema brot af ósamstæðri heild. Brotin eru hvorki eftirmyndir né myndlíkingar, þau sýna okkur ekkert og líkjast ekki neinu sérstöku, en þeim er ætlað að kveikja í réttu taugaendunum og koma okkur í samband við týndar minnisfrumur.

Við getum auðvitað aldrei fundið sjálf það sem gerist í hugskoti Daníels. En þess vegna höfum við listamenn sem er ætlað að gera hið ómögulega, að gefa okkur hlutdeild í persónulegustu upplifunum og horfnum heimum.

Myndlist Daníels er ekki hávær. Myndirnar sex á sýningunni eru eins og þættir í kammerverki, lágstemmdar og grátóna. Þær eru hver um sig ólíkar en mynda samt samfellda seríu sem bendir til vandvirkni og allt að því ögunar í framsetningu. Hvert verk er sett saman úr ólíklegustu hlutum (*assemblage*), en þó er kjölfestan blýantsteikning á gráum kartonpappa innrömmuð á bak við gler. Línur, sveipir og hringir mynda samhverft, eða speglað, munstur og stundum eru hringlaga aðskotahlutir felldir inn í munstrið. Symmetría hefur skotið upp kollinum í verkum ungra myndlistarmanna undanfarið og hún hefur verið gegnumgangandi einkenni á verkum Daníels. Í hans tilviki eru ástæðurnar líklega tvær. Flestir manngerðir hlutir í kringum okkur eru samhverfir og samhverfur falla að réttþyrndu lagi myndrammans án þess að draga athyglina óþarflega mikið að myndbyggingu. Þeir hlutir sem liggja til hliðar við myndrammann gefa enn frekar til kynna nálægð þeirra hluta sem eru innan seilingar á heimilinu, skæri, gardínustrengir, renndir hnúðar, fjalir, o.s.frv.

Það sem lyftir verkunum upp er sérstæður karakter sem leynist í þeim. Annars vegar skiptast á leikaraskapur og mátuleg léttúð listamannsins, en hins vegar alvörugefni iðnaðarmannsins; annars vegar grófgerð efni og hversdagslegir hlutir, en hins vegar nostur við smáatriði og snyrtileg uppröðun. Verkin eru samt alveg laus við tilgerðarlega hvunndagsvæmni þótt þau búi yfir heimilislegum brag.

Daníel virðist hafa orðið fyrir nokkrum áhrifum frá verkum Hreins Friðfinnssonar á þessari sýningu. Báðir aðhyllast þá estetík þar sem mikið er lagt upp úr efnisáferð og þeirri tilfinningu sem býr í fingurgómunum, samruna forms og efnis. En að leita fyrirmynda og glíma við þær er bara eitt stig í frekari „hugsanaveðrun" listamannsins. Daníel vinnur af alvöru og einlægni og bætir sig í hverju skrefi.



„Þetta getur jafnvel gerst við að koma inn í herbergi og finna lykt sem er svo kunnugleg að hún virðist tilheyra heimi minninganna. Þannig skil ég „hugsanaveðrun" Daníels Þorkels Magnússonar, nema að hjá honum gerist hún í öfuga átt."